



Alþýðusamband Íslands

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/1026
komudagur 12.12.2012

Nefndarsvið Alþingis
við Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12.12.2012
Tilvísun: 201212-0018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (innri endurskoðun, skilyrði til greiðslu örorkulífeyris, meðferð framlags til starfsendurhæfingar o.fl.). 469. mál.

Í frumvarpinu er m.a. lagt til að teknað verði inn skýrar heimildir í lögum skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, að lífeyrissjóði verði heimilt að skilyrða rétt til örorkubóta að viðkomandi sjóðsfélagi taki þátt í starfsendurhæfingu með það að markmiði að tryggja farsala endurkomu viðkomandi á vinnumarkað og eigin tekjuöflunar. Alþýðusambandið telur umrædda breytingu mikilvæga og er hún í samræmi við það umfangsmikla breytingarferli sem í gangi er varðandi stöðu og tækifæri þeirra einstaklinga sem vegna veikinda og slysa missa hluta af starfsgetu sinni. Meginmarkmið þessara breytinga hefur verið að auka áherslu á virkni og endurhæfingu þeirra sem í þessum vanda lenda. Alþingi hefur þegar gert á móta breytingar í lögum félagslega aðstoð, þar sem á móta skilyrði voru sett. Fjármálaráðuneyti og Fjármálaeftirlit hafa talið, að núgildandi lagaákvæði komi í veg fyrir að lífeyrissjóður setji slík skilyrði, þó þau hafi víða verið í gildi í reglugerðum sjóðanna um árabíl.

Alþýðusambandið telur hins vegar að orðalag umræddrar tillögu sé of þröng m.a. með tilvísun í lög um starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, en samkvæmt þeim eiga slíkir sjóðir að standa fyrir umfangsmikilli starfsendurhæfingu og því mikilvægt að taka tillit til þess í lagatextanum, þó margir lífeyrissjóðir byggja enn sem komið er örorkuúrskurði sína á umfjöllun trúnaðarlækna. Stefnt er að því að mat á vinnugetu verði í framtíðinni byggt á umfjöllun sérstaks teymis sérfræðinga, en unnið er að mótun verklagsreglna um slíkt mat þar sem áhersla er lögð á að draga fram jákvæða þætti í stöðu og framtíðartækifærum viðkomandi einstaklinga. Því væri betra að orða umrætt ákvæði með eftirfarandi hætti:

Á eftir 5. mgr. 15. gr. laganna komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er, að fengnu álitu trúnaðarlæknis lífeyrissjóðs eða annarra sérfræðinga í starfsendurhæfingu sem sjóðurinn leitar til, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt gæti starfsgetu hans.

Rétt er einnig að vekja athygli nefndarinnar á því, að Alþýðusambandið telur að umrædd ákvæði



sem kveða á um að greiðsla lífeyrissjóða til starfsendurhæfingarsjóða hafi ekki áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðanna sé fremur íþyngjandi en ívilnandi gagnvart tryggingafræðilegri stöðu sjóðanna. Talnakönnun gerði sérstaka athugun á því fyrir stjórn VIRK starfsendurhæfingarsjóðs hvaða ávinning samfélagið, þ.e. ríkissjóður, lífeyrissjóðir og einstaklingar, hefði af aukinni áherslu á endurhæfingu og endurkomu þeirra sem lenda í alverlegum veikindum og slysum á vinnumarkað. Ljóst er að ávinningurinn er umtalsvert meiri en sem nemur kostnaði, sérstaklega hjá ríkissjóði og lífeyrissjóðum. Þó ASÍ leggist ekki gegn umræddri breytingu, væri engu að síður eðlilegra að fela efnahags- og fjármálaráðherra að endurskoða reglugerðina um tryggingafræðilegt mat, þar sem tillit yrði tekið til bæði vænts ávinnings og meints kostnaðar af starfsendurhæfingu til þess að fá raunhæfara tryggingafræðilegt mat á örorkubyrði sjóðanna.

Alþýðusambandið styður að teknu tilliti til ofangreindra athugasemda samþykkt þessa frumvarps.

Með kveðju,

Gylfi Arnbjörnsson

Forseti ASÍ